

**Nr. 126 / 10 Kári AK 33****Slitnar upp og strandar**

Skipaskr.nr. 1761  
Smíðaður: Garðabæ 1987 stál  
Stærð: 11,9 brl. 19,7 bt.  
Mesta lengd: 12,09 m Skráð lengd: 12,63 m  
Breidd: 3,99 m Dýpt: 1,7 m  
Vél: Ford Mermaid 165 kW 1987  
Fjöldi skipverja:

**Gögn:**

Gögn RNS



Kári ©Hilmar Snorrason

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 8. apríl 2011 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Jóhanni Ársælssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 26. september 2010 var Kári AK 33 við bólfestar í Hvammsvík í Hvalfirði. Veður: Austlæg 8-32 m/s (Þyrill).

Um nóttina slitnaði báturinn frá bólinu og rak á land. Eigendum bátsins tókst að ná honum á flot með eigin vélarafli þegar féll undir hann aftur. Engar skemmdir urðu á bol bátsins.



Kári AK á strandstað. Landfestin sem slitnaði hefur kastast yfir rekkverk.

**Við rannsókn kom fram:**

- að báturinn hafði legið við bólið frá því í byrjun júní og síðast hafði verið farið um borð í hann viku áður;
- að báturinn lá við ból sem lagt hafði verið út með 0,660m<sup>3</sup> steinsteypum hnalli með í steypum stálkeng og keðjum fyrir niðurstöðu upp í bólið. Á kósfestingu við bólið var 30 mm ný nælon stroffa sem í var bundið 40mm landfestatóg sem slitnaði í hnútnum. Ekki var vitað um aldur landfestarinnar;
- að sögn eiganda var gengið frá legufærum eftir atvikið með tveimur festingum í bólið og var önnur höfð slakari.

**Nefndarálit:**

Orsök atviksins var að festar bátsins voru of veikar. Eigendur hefðu átt að gera ráðstafanir í samræmi við veðurspá.